

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um mat á bifreiðahlunnindum.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hvers vegna gilda reiknireglur um hlunnindamat rafbíla aðeins ef bíllinn er hlaðinn á kostnað notanda en annars er það jafngilt hlunnindamati bíla sem nota jarðefnaeldsneyti, sbr. reiknivél á heimasíðu Skattsins?
2. Hvers vegna er hlunnindamatið það sama á jafn verðmætum ökutækjum samkvæmt reiknivélinni hvort sem vinnuveitandi greiðir fyrir jarðefnaeldsneyti á bíl eða kaupir á hann rafmagn?
3. Kosta orkugjafarnir jarðefnaeldsneyti og rafmagn jafn mikið að meðaltali miðað við sambærilegan ársakstur?
4. Er viðhaldskostnaður, afföll og annar rekstrarkostnaður rafbíla í hlunnindamatinu sá sami og þeirra sem nota jarðefnaeldsneyti?
5. Hvernig breytist hlunnindamatið ef launþegi tekur aukinn þátt í öðrum rekstrarkostnaði bifreiðarinnar?
6. Hvers vegna er ekki sambærilegur möguleiki í reiknivélinni til að reikna hlunnindamat greiði launþeginn fyrir jarðefnaeldsneytið úr eigin vasa?
7. Stenst reiknivélin þær kröfur sem gerðar eru til þess að reikna hlunnindamat til peninga-verðs?

Skriflegt svar óskast.